



Alþingi
Erindi nr. P 107, 2002
komudagur 16.4.2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

16. apríl 2002

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brottfall laga um Þjóðhagsstofnun (709. mál)

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja vilja vekja athygli á eftirfarandi atriðum varðandi ofangreint mál.

Starfsemi greiningardeilda fjármálafyrirtækja byggist fyrst og fremst á því að því að greina fyrirtæki landsins og starfsumhverfi þeirra, auk þess að leggja mat á skuldabréfamarkaðinn á hverjum tíma og þar með á stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum til að geta metið væntanlega þróun vaxtastigs í landinu.

Grundvöllurinn að slíkri starfsemi er að eiga greiðan aðgang að nauðsynlegum grunnupplýsingum, þ.e. hagtölum og yfirliti yfir þróun þjóðarbúskaparins sem unnar eru á hlutlægan máta. Heiti þeirrar stofnunar eða aðila sem veitir slíkar upplýsingar skiptir ekki máli, heldur sú hlutlægni og traust sem borið er til hans og áreiðanleiki upplýsinganna sem veittar eru.

Í 2. gr. gildandi laga um Þjóðhagsstofnun eru talin upp í 6. liðum þau verkefni sem stofnuninni ber að sinna. Af þeim skipta þau verkefni sem talin eru upp í 1.-3. lið fjármálafyrirtækin máli, þ.e. færsla þjóðhagsreikninga, birting þjóðhagsáætlana og opinberra skýrslna um þróun og horfur í þjóðarbúskap. Samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að flytja færslu þjóðhagsreikninga til Hagstofunnar og verður það að teljast samræmast hlutverki hennar vel. Hins vegar má velta fyrir sér hvort nægilegrar hlutlægni verði gætt með því að færa hina þættina yfir til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis, eins og tillögur eru gerðar um.

Í greinargerð frumvarps er því teflt fram sem einu af rökum fyrir breyttu fyrirkomulagi að greiningardeildir fjármálafyrirtækja sinni sambærilegri starfsemi og gefi margar út mánaðarlegar skýrslur um efnahagsmál. Rétt er að ítreka að þær skýrslur hafa m.a. byggst á fyrirliggjandi úttektum Þjóðhagsstofnunar, en greiningardeildirnar bæði meta forsendur að baki þeim tölum og nýta þær síðan í að greina áhrif á hlutabréfa- og

skuldabréfamarkað í landinu. Greiningardeildirnar hafa hins vegar ekki spáð fyrir um hlelstu þjóðhagsstærðir á sama hátt og Þjóðhagsstofnun, enda hafa þær ekki byggt upp þjóðhagslíkön né hafa heimildir til að innkalla upplýsingar og gögn með sama hætti og Þjóðhagsstofnun.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðjón Rúnarsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri